

51

16. gr.

14. apríl Til þess að standast miðskólapróf þarf nemandinn að hafa hlotið í aðaleinkunn a. m. k. 5.

Miðskólapróf veitir rétt til framhaldsnáms í gagnfræðaskóla, hvar sem er á landinu. Til inngöngu í menntaskóla og kennaraskóla þarf meðaleinkunnina 6 eða meira í landsprófsgreinum og 5 í öðrum greinum, svo og hæfnipróf í sundi. Ef dómur einhvers skóla hefur verið til muna frábrugðinn dómi landsprófsnefndar, getur nefndin til samræmingar úrskurðað, að innganga nemenda frá þeim skóla í menntaskóla eða kennaraskóla skuli miðast við aðra lágmarkseinkunn en að ofan greinir.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 48/1946, um gagnfræðanám, öðlast þegar gildi. Samtímis falla úr gildi bráðabirgðareglur frá 22. jan. 1946, um miðskólapróf í bóknámsdeild.

*Menntamálaráðuneytinu, 14. apríl 1947.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Birgir Thorlacius.*

52

## KANADASJÓÐUR

til styrktar íslenskum námsmönnum.

Ársreikningur 1946.

Höfuðstóll:

1. Eign frá f. ári, skv. birtum reikningi .....	kr. 127373.28
2. Gjöld umfram tekjur árið 1946, skv. eftirfarandi reikningi .....	— 840.88
	<hr/>
	Kr. 126532.40

Eign um sjóðsins er þannig háttað:

1. Veðdeildarbréf .....	kr. 11000.00
2. Sogsvirkjunarbréf .....	— 1000.00
3. Veðskuldabréf .....	— 98433.34
4. Inneign í sparisjóði .....	— 16099.06
	<hr/>
	Kr. 126532.40

Tekjur:

1. Vextir af veðdeildarbréfum .....	kr. 540.00
2. Vextir af veðskuldabréfum .....	— 2424.00
3. Vextir af sparisjóðsinnstæðu .....	— 470.12
4. Gjöld umfram tekjur 1946 .....	— 840.88
	<hr/>
	Kr. 4275.00

Gjöld:

1. Styrkur til Guðna Gunnarssonar og Péturs Pálssonar til náms í efnaverkfræði við McGill háskólann í Montreal, 2000 kr. til hvors	kr. 4000.00
2. Endurgreiddir vextir .....	— 275.00
	<hr/>
	Kr. 4275.00

*Forsætisráðuneytið, 15. febrúar 1947.*

**F. h. r.**

**Birgir Thorlacius.**